

Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaðstoðar sbr. 47. gr barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Fjölskylduráð Garðabæjar, sem fer með hlutverk barnaverndarnefndar Garðabæjar sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, veitir foreldrum og barni 15 ára og eldra sem er aðili máls fjárstyrk til greiðslu fyrir lögmannaðstoð eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum, vegna málsmeðferðar fyrir ráðinu áður en kveðinn er upp úrskurður, sbr. 1. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

2. gr.

Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku á fundi fjölskylduráðs, þ.e. vegna vinnuframlags til undirbúnings og mætingar á fund fjölskylduráðs þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Eftir atvikum er jafnframt veittur styrkur til kynningar á niðurstöðum fjölskylduráðs.

Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum barnaverndar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns. Ekki er veittur styrkur vegna kostnaðar við ferðalög og/eða ferðatíma lögmanns á fundi fjölskylduráðs Garðabæjar nema sérstaklega sé um slíkt samið.

Fjölskylduráð Garðabæjar veitir jafnframt aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmanskostnaðar fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. gr.

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannaðstoð er háður því skilyrði að viðkomandi aðstoðarmaður hafi virk lögmansréttindi, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn.

4. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barns velja sér sjálfir lögmann. Hið sama gildir um barn sem náð hefur 15 ára aldri og er aðili að máli, sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

5. gr.

Umsækjandi um styrk skal leggja fram skriflega umsókn um fjárstyrk á fjölskyldusviði Garðabæjar.

Við ákvörðun um fjárstyrk er tekið tillit til efnahags umsækjanda.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um efnahag umsækjanda, s.s. staðfest afrit af síðasta skattframtals, afrit af álagningarseðli, yfirlit yfir tekjur umsækjanda og önnur þau gögn er fjölskyldusvið kann að kalla eftir.

Fjárhæð styrks skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins. Tekið er mið af tímagjaldi sem fram kemur í viðmiðunarreglum dómstólasýslunnar um greiðslu málsvarnarlauna í sakamálum. Að jafnaði skal ekki veittur fjárstyrkur til greiðslu fleiri en 15 klst. vegna meðferðar máls fyrir fjölskylduráði og 10 klst. vegna meðferðar máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála. Fjárstyrkur er greiddur til lögmanns samkvæmt reikningi og framlagðri tímaskýrslu.

6. gr.

Ákvörðun um fjárhæð styrks er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

7. gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls ef málefni þeirra sæta meðferð fjölskylduráðs Garðabæjar og þeim lögmönnum sem taka að sér að aðstoða þá, sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar.

xx. september 2021

Guðjón Erling Friðriksson

bæjarritari